

Áveitan

11. tbl. 7. árgangur. Nóvember 2013

Dagur íslenskrar tungu Kaffisamsæti í Þjórsárveri

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn um land allt á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember n.k. Á þeim degi er þjóðin öll hvött til að leggja sérstaka rækt við íslenskt mál og beina athygli sinni að stöðu tungunnar og gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Af því tilefni ætla börn og starfsfólk í leikskólanum Krakkaborg og Flóahreppur að bjóða öllum eldri borgurum í Flóahreppi, ásamt mökum, til kaffisamsætis í félagsheimilinu Þjórsárveri fimmtudaginn 14. nóvember klukkan 14:30. Brottluttir eldri borgarar eru einnig boðnir velkomnir. Þar munu leikskólabörn syngja nokkur íslensk lög og lesin verður stutt saga. Kvenfélag Villingaholtshrepps býður svo upp á kaffiveitingar. Áhugasamir eru boðnir um að láta vita á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 fyrir þriðjudaginn 12. nóvember.

Með kærri kveðju,
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Leikskólastjóri Krakkaborgar
Margrét Sigurðardóttir, Sveitarstjóri Flóahrepps



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Leikskóli

Eins og lesendum er kunnugt er leikskólinn Krakkaborg nú staðsettur við Flóaskóla. Eldri börnin eru í svokallaðri viðbyggingu 2 sem byggð var við skólann árið 2004 og yngstu börnin eru í húsinu Skólatúni. Þar er einnig aðstaða leikskólastjóra og undirbúningsaðstaða fyrir aðra starfsmenn.

Félagsmiðstöðin fyrir unglíngana var í Flóaskóla en var færð yfir í Þjórarsarver þar sem ágætlega fer um hana. Örvar Rafn, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar hefur lagt mikla vinnu í að koma henni þar sem best fyrir og hefur fengið til þess góða og dygga aðstoð.

Það fer vel um starfssemi leikskólans við Flóaskóla og lítil skörun við starfssemi grunnskólans. Hádegismatur fyrir leikskólann er eldaður í eldhúsi Flóaskóla í Þjórarsarveri og maturinn fluttur í til þess gerðum boxum inn á deildir leikskólans þar sem börnin matast.

Morgunmatur, morgunhressing og síðdegishressing er útbúin í Skólatúni af starfsmanni leikskólans. Sameiginleg kaffi og fundaraðstaða er fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla í Flóaskóla.

Útileiksvæði var girt af áður en leikskólinn opnaði, bæði við viðbyggingu 2 og við Skólatún fyrir yngri börnin. Útisvæðið er vart nógu vel útbúið fyrir börnin og eru stjórnendur meðvitaðir um að það þarf að lagfæra.

Starfsfólk bæði leik- og grunnskóla og félagsmiðstöðvar hafa lagt á eitt um að gera þessar tilfæringar mögulegar og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri, er í veikindaleyfi um þessar mundir. Í fjarveru hennar sinnir Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir starfi leikskólastjóra. Netfang hjá Hallfríði er halla@floahreppur.is. Sími í leikskólanum er 482-3085.

Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis

Fulltrúar sveitarstjórnar Flóahrepps ásamt sveitarstjórnnum uppsveita hittu þingmenn kjördæmisins 23. október s.l. á Borg í Grímsnesi. Þingmenn voru á ferðalagi um kjördæmið og voru allir þingmenn utan einn mættir til fundar.

Þau áhersluatriði sem kynnt voru úr Flóahreppi eru eftirfarandi:

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Aðeins hluti af íbúum Flóahrepps býr við þau gæði að hafa hitaveitu en um

2/3 hluti íbúa kyndir hús sín með rafmagni.

Eitt brýnasta hagsmunamál íbúa á köldum svæðum er aukin jöfnun á kostnaði rafmagns þar sem húshitunarkostnaður er mjög íþyngjandi fyrir fjölskyldur og fyrirtæki. Það er afar brýnt að frumvarp um breytingu á lögum nr 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar verði að lögum þannig að þetta árlega karp verði sjálfhætt. Vakin er athygli á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir a m k 75 mkr lækkun á niðurgreiðslu húshitunar.

Bent er á að jöfnun á bensínverði, símakostnaði, matarkostnaði og fleiru telst sjálfsgöð í dag og engum dettur í hug að tala um niðurgreiðslur til landsbyggðar í því sambandi.

Ljósleiðari

Sveitarfélög í uppsveitum, Ásahreppi og Flóahreppi hafa verið að skoða möguleika á ljósleiðaratengingu. Í dag búa íbúar á þessu svæði við það að geta keypt u þ b 10GB kvóta af erlendu gagnamagni í gegnum þráðlaust net.

Því fleiri notendur sem nota þráðlaust net samtímis, því minni gagnahraði og algengur gagnahraði er um 5Mb/s á svæðinu.

Míla hefur lýst yfir áhuga á að fara í það verkefni með sveitarfélögum uppsveita, Flóahrepps og Ásahrepps að leggja ljósleiðara um svæðið með ákveðið fjármagn pr/teningu gegn því að afskrifa koparvirkinn.

Aftur komum við að jöfnun á kostnaði vegna þjónustu fyrir íbúa landsins og ljóst er að íbúar á dreifbýlli svæðum hafa dregist verulega aftur úr hvað varðar fjarskiptamál. Þetta stendur atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum og ungt fólk veigrar sér jafnvel við að flytja í dreifbýlið sökum þessa. Kostnaður við lagningu ljósleiðara er umtalsverður og nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að fá fjármagn frá ríkinu til að standa undir þessum framkvæmdum.

Samgöngumál

Brýnt er að setja bundið slitlag á malarvegi sveitarfélagsins og óskað er eftir því að eftirtaldir vegir komist sem fyrst inn í samgönguáætlun.

Hamarsvegur (308)

Önundarholtsvegur (311)

Urriðafossvegur (302)

Ölvisholtsvegur (303)

Villingaholtsvegur (305) Sá hluti sem eftir á að leggja bundið slitlag á.

Allt eru þetta vegir sem eru mikilvægar samgönguæðar í sveitarfélaginu en eru nánast ófærir sökum lélegs viðhalds mörg undanfarin ár.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

Sveitarstjórn hefur samþykkt að útsvar verði óbreytt frá fyrra árið eða 14,48%.

Einnig hefur verið samþykkt að fasteignaskattsprósenta verði óbreytt svo og lóðarleiga, vatnsgjald, sorphirðugjald, sorpeyðingargjald og seyrulosunargjald.

Það er hagur sveitarfélagsins og allra íbúa að flokka sorpið sem mest.

Þeir sem hafa áhuga á að fá minni tunnu eða kar undir sorp til urðunar, geta haft

samband við skrifstofuna og óskað eftir því. Einnig er hægt að óska eftir stærra kari fyrir endurvinnanlegt sorp en hvorutveggja stuðlar að aukinni nýtingu og minni urðun.

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

Álagningarprósenta útsvars 14,48%

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar-og sumarhús.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Sorphirðu-og sorpeyðingargjald

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

a) 240 lítra tunna	12.000 kr.
b) 660 lítra kar	33.000 kr.
c) 1100 lítra kar	54.960 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir	11.440 kr.
Sumarhús	11.440 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	24.960 kr.
Atvinnurekstur lögbyli	13.520 kr.
Seyrulosun	7.000 kr.

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt. Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1.júlí, 1. september og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Hvatastyrkir

Sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á 2. gr. reglna um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómstundaiðkunar á þann veg að börn og ungmenni 6-18 ára sem lögheimili eiga í Flóahreppi geti sótt um hvatastyrk vegna einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af sveitarfélaginu. Reglurnar í heild eftir breytingu má sjá á heimasíðu Flóahrepps, <http://www.floahreppur.is/2013/09/hvatastyrkir-5/>

Umsóknareyðublöð um hvatastyrki má einnig nálgast á heimasíðunni og minnt er á að skilafrestur er til 1. desember n.k. á umsóknum um hvatastyrki vegna haustannar.

Bólusetningar

Sauðfjábændur eru minntir á að láta bólusetja fê sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

Til eigenda óskráðra hunda í Flóahreppi

Minnt er á skráningu hunda samkvæmt samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Skráningargjald er 1.500 kr. sem er innheimt í eitt skipti.

Allar frekari upplýsingar fást á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Búfjárefirlit

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 17. nóvember kl. 14:00.
Sóknarprestur er Sr. Sveinn Valgeirsson.

Frá Umf. Baldri:

Þorablót

Hið árlega þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í lok janúar eða byrjun febrúar 2014. Fylgist með á facebook-síðu félagsins og í næsta fréttabréfi.

Einnig viljum við minna alla þá sem vilja vera með í að búa til og leika í annál fyrir árið 2013 að fylgjast með. Farið verður að ræða hvernig annállinn verður framsettur fljótlega í desember. Allir sem fæddir eru 1999 og fyrr eru velkomnir (Einnig fullorðið fólk). Og viljum við hvetja foreldra til að leyfa börnum sínum að vera með leitist þau eftir því, enda er starf ungmennafélaga mjög þroskandi og skemmtilegt.

Umf Baldur

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru kvenfélagskonur Jónina Einarsdóttir Stóru-Reykjum býður okkur heim til sín fimmtudagskvöldið 14. nóvember kl.20.30.

Að venju verða jólakort S.S.K. til sýnis og sölu. Heitt verður á könnunni en við tökum með okkur eitthvað meðlæti. Sjáumst sem flestar og eigum saman notalega kvöldstund.

Kveðja stjórnin.

Frá Foreldrafélagi leikskólans Krakkaborgar:

Samþykkt var á aðalfundi Foreldrafélagsins sem fram fór 31. október sl. að senda til ilkynningu í Áveituna og leita til fyrirtækja og einstaklinga í Flóahreppi um frjáls framlög til foreldrafélagsins. En eitt verkefna þess er að styrkja starfsemi leikskólans með gjöfum sem nýtast í starfinu. Í kjölfar þess að myglusveppur fannst í húsnæði Krakkaborgar við Þingborg, varð að henda ýmisskonar þroskaleikföngum, bókum og öðru sem leikskólinn hafði safnað sér í gegnum árin og er eftirsjáin töluverð. Vasar foreldrafélagsins eru ekki djúpir, enda árgjaldi verið haldið í lágmarki. Ef fyrirtæki eða einstaklingar hafa áhuga á að styrkja Foreldrafélagið til gjafakaupa fyrir leikskólann þá fylgja hér með upplýsingar:

Reikningsnúmerið er 152-05-260521

Kennitalan er 250484-3729

Öll framlög eru vel þegin, margt smátt gerir eitt stórt.

Með fyrirfram þökk, fyrir hönd Foreldrafélags Leikskólans Krakkaborgar
Thelma Dröfn Ásmundsdóttir, ritari.

Kæru sveitungar,

Við í ferðapjónustuklasa Flóahrepps erum að vinna að því að efla heimasíðu hreppsins. Hugmyndin er að setja inn á síðuna upplýsingar um, sögu svæðisins, þá áhugaverðu staði sem finna má á svæðinu, þau ferðapjónustufyrirtæki sem eru í hreppnum, þá menningu og viðburði sem er í gangi hverju sinni. Auk þess langar okkur að hafa einn lið sem ber heitið **atvinnulíf** og hafa þar inni upplýsingar um alla þá aðila sem eru með **rekstur í sveitafélaginu**. Hvetjum við því alla sem eru með rekstur af einhverju tægi í Flóahreppi og hafa hug á því að hafa upplýsingar um sig á heimasíðunni að hafa samband á netfangið idunnyrasgeirsdottir@gmail.com eða í síma 865-1454, einnig er hægt að hafa samband á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Fyrirhönd ferðapjónustuklasa Flóahrepps,
Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir
verkefnastjóri ferðapjónustuklasa

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Þurrþæfingarnámskeið

Ákveðið hefur verið að halda þurrþæfingarnámskeið í Þjórsárveri, fimmtudagskvöldið 14. nóvember kl. 20.00. Leiðbeinandi verður Anna Fía Ólafsdóttir. Námskeiðsgjald verður kr. 2.500,-, allt efni innifalið.

Skráning á námskeiðið skal berast formanni, Sólveigu Þórðardóttur, annað hvort í síma 869 6534 eða á email, skufslaekur2@gmail.com, fyrir 13. nóvember.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Sólveig og Anna Fía

Fréttir af haustfundum

Haustfundur okkar var haldinn í Þjórsárveri 10/10 2013 og 15 konur mættu. Ýmis mál voru rædd og kynnt var verkefnið sem kvenfélögin 3 í Flóahrepp ætla að sameinast um, en það er að halda sameiginlegan BASAR í nóv. 2014, og er undirbúningur þegar hafinn. Tekin var ákvörðun að styrkja 4 verkefni á þessu ári og sagt verður frá því síðar. Kaffi og kökum voru gerð góð skil eins og vanalega og 30. nóv. var tekinn frá fyrir árlega menningarferð okkar.

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir ritari

Menningarferð

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar í sína árlegu menningarferð í byrjun aðventu. Lagt verður af stað frá Þjórsárveri laugardaginn 30. nóvember n.k. klukkan 12:00. Skemmtinefndin er að vinna að spennandi dagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Margt verður skoðað og mikið spjallað. Um miðjan dag kíkjum við á kaffihús og fáum okkur smá orku og um kvöldið förum við svo saman út að borða og hver veit nema að eftirréttirnir verði í hefðbundinni stærð þetta árið.

Kvenfélagskonur eru beðnar um að skrá sig í ferðina og taka þær Sigrún Hrefna s: 862-1574 og Elfa s: 892-8295 glaðar á móti skráningarsímötölum.

Skráningarfrestur er til 27. nóvember.

Hlökkum til að sjá ykkur og munið að klæða ykkur vel.

Skemmtinefndin

"Undraveröld dýranna"

Ef svo skemmtilega vildi til að einhver ætti bækur úr bókaflokknum Undraveröld dýranna (Fjölval bókaútgáfa) og hefði áhuga á að losa sig við þær, mætti hann endilega hafa samband við mig annaðhvort símleiðis í 865-0526 eða senda mér tölvupóst á tkg4@hi.is
Tómas Karl.

Frá Umf. Vöku:

Tiltekt í Þjórsárveri

Sunnudaginn 10. nóvember kl. 10:00 munu ungmennafélagar hittast í Þjórsárveri og vinna mikið þarfaverk, það er að taka til í kjallara hússins. Þar má finna ýmsa muni sem lítið hafa verið notaðir undanfarin ár. Hugmyndin er að rýma þennan hluta hússins eins og kostur er svo hann geti nýttst fyrir hluti sem raunverulega þarf að geyma. Ætlunin er að setja upp hillur/skápa þar niðri og gera þar góða geymsluáðstöðu.

Það skal öllum ljóst vera að þennan dag verður mörgu hent. Þó er hugsanlegt að einhverjir sjái verðmæti í sumum hlutum sem þarna eru og er það fólk beðið að koma í Þjórsárver kl. 10 sunnudaginn 10. nóv og líta yfir góssið. Fólk er velkomið að hirða það sem það vill. Þarna gerfur t.d. að líta gamlar innihurðir, túbúsjónvörp, tölvur frá síðstu öld, gömlu smíðabekkina úr Villingaholtsskóla, gullna hliðið og margt fleira. Þarna eru auk þess ógrynni af allskonar timbri sem hugsanlega einhver getur notað.

Eins getur verið að einhverjir eigi hluti sem hafa verið þarna í geymslu og getur það fólk annaðhvort mætt á staðinn á fyrrnefndum tíma til að sækja þá muni, eða haft samband við Rúnar húsvörð eða Örvar Rafn Hlíðdal fyrir 10. nóv. henti þessi tími ekki. Ef einhverjir eru áhugasamir að koma og hjálpa til mega þeir hafa samband við formann eða gjaldkera.

Stjórnin

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2013. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 1000 kr í ár. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri Umf Vöku

Konur ATH – Blakæfingar í Þingborg

Á þriðjudagskvöldum klukkan 20:00 eru blakæfingar fyrir konur á öllum aldri. Æfingarnar eru haldnar í félagsheimilinu Þingborg og kostar 300 kr hvert skipti. Við viljum gjarnan fá fleiri blakkonur í hópinn og um að gera að mæta á æfingu og prófa. Láttu sjá þig J

Frá Hraungerðis og Villingaholtskirkjum

Aðventukvöld verður haldið í Hraungerðiskirkju, sunnudagskvöldið 1. desember kl. 20.30. Helgileikur fermingarbarna, ræðumaður er Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra. Kór Hraungerðis og Villingaholtskirkna syngur undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista. Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Aðventukvöld verður í Villingaholtskirkju, föstudagskvöldið 6. desember kl.20.30. Helgileikur fermingarbarna, ræðumaður er Guðmundur Freyr Sveinsson skólastjóri Flóaskóla. Kór Hraungerðis og Villingaholtskirkna syngur undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

Kæru sveitungar, við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum okkar, og eiga notalega stund saman í upphafi aðventunnar.

Gefins hvolpur!

Er með tæplega 4 mánaða bordercolly-blendings tík gefins ættaða frá Egilsstöðum 2 og Syðri-Gróf. Hún er svört með hvíta bringu og hvítar loppur, mjög róleg og skemmtileg.

Guðsteinn Frosti
sími 8918856 / 486-3322

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Menningarferðin

Hin árlega og mjög svo ómissandi menningarferð Kvf. Gaulverjabæjarhrepps verður 30. nóvember n.k. Til stendur að anda að sér menningunni í höfuðborginni og svo verður endað á jólahlaðborði í Tryggvaskála á Selfossi. Nú má engin láta sig vanta og vert er að benda á að ferðin er opin öllum konum í gamla Gaul, óháð kvenfélagsaðild. Ferðin verður nánar auglýst með dreifibréfi. Stjórnin.

Þorablót í Þjórsárverri 2014

Þorablótið í Þjórsárverri verður haldið laugardagskvöldið 1. febrúar 2014. Takið daginn frá sem flest.

Nefndin

Hryssan Störnunótt með örmerkingu 352206000071279 týndist/ tapaðist úr beitarhólfi við Þingdal í Flóa. Hryssan er 3 vetra, brún, fax og taglprúð og sæmilega gæf. Finnandi vinsamlega látið vita í síma 820-9788 eða í tölvupósti gudmundur.olason@gmail.com

Frá Samhygð:

Happdrætti FRÍ

Umf. Samhygð hefur til sölu miða í happdrætti Frjálsíþróttasambandi Íslands. Miðinn kostar 1500 kr. og eru margir glæsilegir vinningar í boði. Ágóði af söluinni rennur bæði til starfs Samhygðar og FRÍ. Áhugasamir geta haft samband við Stefán Geirsson í síma 8676907 eða í netfangið stegeir@hotmail.com

Árgjald Umf. Samhygðar

Félagar eru minntir á að innheimta árgjalds Umf. Samhygðar fyrir árið 2013 stendur yfir. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum.

Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugarúnu Geirsdóttir í netfanginu huggageirs@hotmail.com

Til sölu:

Skrifborð úr IKEA fyrir barn eða ungling, 110 X 60 sm, með hillu ofan á, hvítt á lit.

Barnarúm úr furu, 70 X 170 sm, dýna notuð eftir eitt barn.

Spegill úr IKEA, 20 X 160 bylgjóttur á hliðum, festingar fylgja.

Æfingabekkur með lóðum.

Allt selst ódýrt.

Upplýsingar gefur Margrét á Syðra-Velli í s. 486 3377 og 846 9287.

Eins má senda tölvupóst á netf. maggavelli@hotmail.com

Pistillinn

Ekki þurfti Ingunn í Hallanda að senda boltann langt því við störfum saman hjá Háskólafélagi Suðurlands í Fjölheimum svo pistillinn fór bara á milli borða á sömu skrifstofu. Mér sýnist flestir byrja á að kynna sig í pistlinum en ég heiti Hrafnkell Guðnason og bý í Glóru í fyrrum Hraungerðishreppi. Ég hef verið búsettur í Glóru í bráðum 24 ár með smá hléi þegar ég bjó í Noregi um skeið á fyrsta áratug þessarar aldar.

Það er hefur verið gaman að fylgjast með því undanfarin ár hversu mikið af fólki

hefur verið að flytja í sveitarfélagið okkar, fólk sem kemur víða að, með mismunandi bakgrunn og fjölbreytta atvinnu. Þetta er gott fyrir lítil sveitarfélög, því nýju fólki fylgja nýjar hugmyndir og ný sýn sem er styrkur í baráttu lítilla sveitarfélaga fyrir tilverurétti sínum.

Þrátt fyrir að ég sé tiltölulega ungur að árum er ég líklega einn af fáum íbúum sveitafélagsins sem er innfæddur í bókstaflegri merkingu þess orðs. Ég fæddist í Glóru þann 25. júní 1967. Og ekki nóg með það heldur fæddist ég í húsinu þar sem ég bý og í herbergi sem er svefnherbergið mitt núna. Nær uppruna sínum er varla hægt að komast.

Á þeim tíma sem fæðing mín átti sér stað voru fæðingar í heimahúsum sjaldgæfar hér um slóðir, sjúkrahús var komið á Selfoss og þar fæddust flestir Sunnlendingar en heimafæðingar ekki komnar í „tísku“ eins og síðar varð. Þannig háttáði til að foreldrar mínir voru búsettir erlendis á þessum árum og móðir mín gat ekki hugsað sér að fæða annarstaðar en á Íslandi. Því kom hún heim í Glóru til að fæða okkur bræður, fyrst eldri bróður minn og svo mig þrem árum seinna í húsi foreldra sinna. Seinna þegar ég flutti í sama hús og fór að laga það til og endurhanna var auðvitað sjálfgefið að fæðingarherbergi mitt yrði svefnherbergi. Bróðir minn fæddist hins vegar í litlu herbergi hinu megin við ganginn og mér fannst afspyrnu sniðugt að breyta því í klósett, get ég með sanni sagt að eldri bróðir minn hafi fæðst á klósettinu heima hjá mér.

En það er annað málefni alveg óskýlt þessu sem ég vil nefna hér til sögunnar. Um þessar mundir er verið að undirbúa stofnun ferðapjónustuklasa í Flóahreppi undir dyggri stjórn Iðunnar Ásgeirsdóttur. Iðunn hefur kallað til samstarfs öll þau fyrirtæki sem starfa í Flóahreppi, ekki einungis þau sem eru skilgreind ferðapjónustufyrirtæki. Svona klasamyndun og samstarf nær nefnilega lengra en að vera bara mál þeirra sem vinna beint að ferðapjónustu. Þó klasa hugtakið sé í huga margra hálfgerð klysja og kannski verið ofnotað í orðræðunni sem patent lausn í krísum má ekki vanmeta það. Klasafræðin eru þrautreynd og prófuð aðferð fyrirtækja og svæða til þess að ná auknum árangri í samkeppni og virka vel ef rétt er að málum staðið. Og þar komum við að kjarna málsins „veldur hver á heldur“ og þar erum við íbúar sveitafélagsins í lykilhlutverki, okkar viðhorf skiptir máli, að vera jákvæð, áhugasöm og styðjandi gagnvart atvinnuuppbyggingu og þegar ný fyrirtæki vilja hasla sér völl í sveitinni. Vissulega eru stór mál í innviðum sem hamla ýmisskonar uppbyggingu atvinnustarfsemi í sveitinni og er þar mikilvægast boðlegt netsamband ásamt hitaveitu um alla sveit. En til að byrja með skulum við einbeita okkur að því sem er í okkar valdi og kostar lítið, það er að segja að standa saman og styðja góðar hugmyndir hvors annars ásamt því hjálpast að við að koma sveitinni okkar og þeirri verðmætasköpun sem þar fer fram á framfæri.

Ég vil færa pistilinn neðar í sveitina og skora á Olil Amble hrossabónða, tamingakonu og reiðkennara í Syðri Gegnishólum að skrifa pistilinn í næsta tölublað.

Hrafnkell Guðnason

Glímufréttir

Glímufólk okkar gerði góða ferð á Meistaramót Íslands í glímu 10-15 ára sem fram fór á Hvolsvelli 2. nóvember sl. Úrslit hjá okkar fólki voru eftirfarandi:

11 ára drengir:	Unnsteinn Reynisson	4,5 vinningar	2. sæti
—	Victor Örn Victorsson	3 vinningar	5. sæti
15 ára drengir:	Þorgils Kári Sigurðsson	4 vinningar	1. sæti
—	Jón Gunnþór Þorsteinsson	2 vinningar	3. sæti
15 ára stúlkur:	Hanna Kristín Ólafsdóttir	2 vinningar	1. sæti

Einnig kepptu strákarnir í Sveitaglímu Íslands sem fram fór sama dag. Sveit Þorgils og Jóns endaði í 1. sæti í flokki 14-15 ára og sveit Unnsteins og Victors í þriðja sæti í flokki 11-12 ára. Næsta mót verður þann 16. nóvember en það er Haustmót GLÍ á Laugum í Reykjadal sem er fullorðinsmót.

Glímuæfingar hafa verið færðar aftur í Félagslund og eru á mánudögum milli kl.16:30 og 17:30 fyrir öll börn á grunnskólaldri og á fimmtudögum frá 20:00 til 21:00 fyrir eldri iðkendur.

Þjálfari

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	4. nóvember
Frjálsar í Þingborg	5. nóvember
Tiltekt í Þjórsárverri	10. nóvember
Glímuæfing	11. nóvember
Frjálsar í Þingborg	12. nóvember
Kaffisamsæti fyrir eldri borgaraí Þjórsárverri	14. nóvember
Opið hús hjá Kvenfélagi Hraungerðishr.	14. nóvember
Þurrþæfingarnámskeið Kvenfélag Vill.	14. nóvember
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	17. nóvember
Glímuæfing	18. nóvember
Frjálsar í Þingborg	19. nóvember
Glímuæfing	25. nóvember
Frjálsar í Þingborg	26. nóvember
Menningarferð Kvenfélags Villingaholts.hr.	30. nóvember
Menningarferð Kvenfélags Gaulverjabæjar.hr.	30. nóvember
Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju	1. desember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160